

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 241/2015

2017/EES/38/09

frá 30. október 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/786 frá 19. maí 2015 um skilgreiningu viðmiðana við að samþykkja afeitrunarmeðferðir sem notaðar eru á afurðir sem eru ætlaðar sem fóður eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunar-ákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 144. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/897) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„145. **32015 R 0786:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/786 frá 19. maí 2015 um skilgreiningu viðmiðana við að samþykkja afeitrunarmeðferðir sem notaðar eru á afurðir sem eru ætlaðar sem fóður eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB (Stjútíð. ESB L 125, 21.5.2015, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/786, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. október 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 125, 21.5.2015, bls. 10.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.